

Skagafjarðarveitur ehf.

Aðalfundur 01.07. 2003

Þriðjudaginn 1. júlí, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 1630 í Áhaldahúsinu.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Margeir Friðriksson sem ritaði fundargerð.

AÐALFUNDARDAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til samþykktar
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
5. Breytingar á samþykktum.
6. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

AFGREIÐSLUR:

Árni Egilsson stjórnarformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og gerði að tillögu sinni að Gísli Gunnarsson yrði fundarstjóri og Margeir Friðriksson fundarritari. Var það samþykkt.

1. Árni Egilsson flutti skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu ári.
2. Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir og skýrði ársreikning félagsins fyrir árið 2002.
Rekstrarhagnaður félagsins var kr. 23.906.755. Heildareignir félagsins eru að upphæð kr. 413.698.952 og eigið fé kr. 113.972.997.
Ársreikningurinn var síðan borinn upp til samþykktar.
Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.
3. Tillaga var borin upp um að hagnaður ársins verði færður óráðstafaður til næsta árs.
Samþykkt samhljóða.
4. Tillaga lögð fram um að þóknun stjórnarmanna fyrir stjórnarstörf verði eftirfarandi:
Viðmiðunarupphæð þóknunar skal vera þingfarakaup, sem er 437.777.- frá 11. maí 2003. Formaður fær 4% af þingfarakaupi fyrir hvern fund. Aðrir nefndarmenn fá 2% af þingfarakaupi fyrir hvern fund.
Orlofsfé er innifalið.
Samþykkt.
5. Engar breytingar á samþykktum liggja fyrir fundinum.
6. Tillaga um stjórnarmenn og endurskoðanda borin upp:
Aðalmenn: Varamenn:

Sigrún Alda Sighvats Knútur Aadnegard
Gísli Árnason Sigurður Karl Bjarnason
Einar Gíslason Ingimar Ingimarsson

Endurskoðandi:

Kristján Jónasson, KPMG Endurskoðun, Sauðárkróki.

Samþykkt samhljóða.

7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
Ekkert lá fyrir þessum lið.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl.
1722